



Fræðslunefnd Blönduós bæjar vegna Blönduskóla - 11. fundur  
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 1. júlí 2015  
og hófst kl. 17:00

**Fundinn sátu:**

Kristín Ingibjörg Lárusdóttir, formaður  
Kristín Jóna Sigurðardóttir, aðalmaður  
Bergþór Pálsson, aðalmaður  
Anna Margrét Jónsdóttir  
Þórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri

**Fundargerð ritaði:** Kristín Jóna Sigurðardóttir

Kristín Ingibjörg Lárusdóttir nýskipaður formaður, setur fundinn og biður fundarmenn velkomna.

**Dagskrá:**

**1. Starfsmannamál Blönduskóla - 1506034**

Þórhalla skólastjóri fór yfir starfsmannamál Blönduskóla. Tveir kennarar hafa óskað eftir árs leyfi, Þórdís Hauksdóttir og Brynhildur Erla Jakobsdóttir. Skólastjóri hefur fyrir sitt leyti gefið leyfi fyrir þessu. Einnig voru auglýstar 4 kennarastöður nú í vor. Umsækjendur eru fjórir sem störfuðu við skólann sem leiðbeinendur á síðasta skólaári, Páley Sonja Wíium Ragnarsdóttir, Magnús Sigurjónsson, Katrín Hallgrímsdóttir og Bjarnþóra María Pálsdóttir. Þórhalla mælir með að ofangreindir verði ráðnir og samþykkir nefndin það fyrir sitt leyti.

Þórhalla er búin að auglýsa eftir sérkennara í stöðu Þórdísar og er umsóknarfresturinn opin.

**2. Skóladagatal Blönduskóla 2015 - 2016 - 1506035**

Skólastjóri bar upp skóladagatal næsta skólaárs. Skóladagatalið samþykkt samhljóða.

**3. Framkvæmdir við Blönduskóla - 1505027**

Þórhalla skólastjóri sagði frá því hvernig framkvæmdum miðar við skólann. Markmiðið er að vinna við sal og upphitunareldhús ljúki fyrir skólabyrjun í haust.

**4. Umbótaáætlun Blönduskóla í kjölfar ytra mats - 1506036**

Þórhalla sagði frá skýrslu um Ytra mat grunnskóla sem gert var í febrúar 2014. Í skýrslunni kemur fram bæði hvað vel er gert og hvað skólinn geti gert til umbóta. Þórhalla kynnti sérstaklega fyrir nefndinni Umbótaáætlun Blönduskóla 2014-2016 og áfangaskýrslu tengda henni sem send hefur verið menntamálaráðuneytinu.

**5. Útboð á skólamáltíðum - 1506042**

Ákveðið var að fara í útboð vegna reksturs skólamötuneytis og komu fjögur tilboð frá



*þremur aðilum. Ákvörðun sveitarstjórnar liggur ekki fyrir.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00**

---

---

---

---